



Reykjavíkurborg
Kjarapróunardeild

Alþingi
Erindi nr. Þ 130/573
komudagur 9.12.2003

Reykjavík, 8. desember 2003
R03110183
1320

Nefndasvið Alþingis
Hjálmar Árnason, formaður félagsmálanefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Umsögn - frumvarp til laga um tímabundna ráðningu starfsmanna, þskj. 558, mál 410.

Af hálfu umsagnaraðila eru gerðar athugasemdir við meginefni frumvarpsins um innleiðingu á tilskipun nr. 1999/70/EB um rammisamning um tímabundnar ráðningar. Lagt er til í því skyni til að koma í veg fyrir að ráðningarfyrirkomulag stjórnenda sveitarfélaga lendi í óþarfa réttaróvissu að við 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins um gildissvið bætist eftirfarandi staflidur:

„e. framkvæmdastjóra og aðra stjórnendur skv. 51. gr. laga nr. 45/1998.“

Skýring v. stjórnenda hjá Reykjavíkurborg:

Uppbygging og orðun 5. gr. frumvarpsins veldur óþarfa réttaróvissu sem er ekki ætlun löggjafans eða markmið með innleiðingu tilskipunarinnar í íslenska löggjöf. Í 1. másl. 1. mgr. 5. gr. frumvarpsins kemur fram að undanþága frá tímabundnum ráðningum í lengri tíma en tvö ár verði að styðjast við almenn lög. Meginregla 5. gr. frumvarpsins er því sú að óheimilt sé að ráða starfsmenn til lengri tíma en tvö ár, nema annað sé sérstaklega getið í almennri löggjöf.

Í 51. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, segir að sveitarstjórn ráði framkvæmdastjóra og aðra starfsmenn skv. 56. gr. til þess að annast framkvæmd ákvarðana sveitarstjóra og verkefna sveitarfélagsins. Í 56. gr. kemur fram að sveitarstjórn ræður starfsmenn í helstu stjórnunarstöður hjá sveitarfélagi og stofnunum þess og veitir þeim lausn frá starfi. Um ráðningu annarra starfsmanna fer eftir ákvæðum í samþykkt um stjórn sveitarfélags. Séu þar eigi sérstök ákvæði þessa efnis gefur sveitarstjórn almenn fyrirmæli um hvernig staðið skuli að ráðningu starfsmanna, sbr. 2. mgr. 56. gr. 1. nr. 45/1998. Eins og 5. gr. frumvarpsins liggur fyrir að þá er sett í uppnám það fyrirkomulag sem gildir um fimm ára ráðningar stjórnenda hjá stofnunum sveitarfélaga, en það byggir á samþykktum sveitarstjórna sbr. 56. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, en ekki almennum lögum. Það fyrirkomulag er hliðstætt því sem gildir um stjórnendur hjá ríkinu sbr. 22. gr. og 23. gr. starfsmannalaga nr. 70/1996.

Reglur um réttindi og skyldur stjórnenda gilda um stjórnendur hjá Reykjavíkurborg sem heyra undir kjaraákvörðun kjaranefndar Reykjavíkurborgar. Með stjórnendum er átt við þá yfirmenn stofnana, fyrirtækja og stjórnsýslu sem samkvæmt ákvörðun borgarráðs heyra ekki undir samningsumboð stéttarfélaga skv. ákvæðum laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna nr. 94/1986, sbr. 1. gr. reglnanna. Stjórnendur hjá Reykjavíkurborg eru frá 1. janúar 2002 ráðnir til 5 ára í senn, sbr. 2. mgr. 3. gr. reglnanna. Stjórnendur falla ekki undir

samningsumboð stéttarfélaga sbr. 1. gr. laga 94/1986, og taka því almennt ekki kjör skv. kjarasamningi heldur skv. einhliða ákvörðun stjórnvalds.

Heimilt er skv. 2. másl. 1. mgr. 5. gr. að endurnýja tímabundinn ráðningarsamning embættismanns eða stjórnanda, sem gerður hefur verið til fjögurra ára eða lengri tíma í jafnlangan tíma. Enda þótt að heimild til endurnýjunar sé sett í lagafrumvarpið, þá vísar 1. másl. 1. mgr. 5. gr. til almennra laga um lengd tímabundinna ráðningarsamninga sem er tvö ár skv. frumvarpinu, en ekki fjögur ár eða lengri tíma sem ætti við um stjórnendur hjá sveitarfélögunum. Jafnframt má ráða með orðskýringu á 5. gr. frumvarpsins að aðeins sé heimilt að ráða embættismann eða stjórnanda einu sinni aftur í tímabundið starf til jafnlangs tíma. Sjónarmið tilskipunarinnar um misnotkun ráðningarforms eiga ekki við um tímabundnar ráðningar sem standa til fjögurra ára eða lengri tíma, enda um viðvarandi ráðningarsamband sem byggir á einhliða ákvörðun stjórnvalds á milli sveitarstjórnar og stjórnanda.

Nauðsynlegt er að fyrir liggi klár lagaheimild fyrir núgildandi ráðningarfyrrkomulagi stjórnenda hjá sveitarfélögum. Lagt er því til að stjórnendur hjá sveitarfélögum verði undanþegnir gildissviði frumvarpsins, sbr. tillögu um nýjan staflað við 1. mgr. 2. gr. frumvarpsins, sem og að 5. gr. frumvarpsins verði endurskoðuð, þannig að hún verði skýrt orðuð og skapi ekki óþarfa réttaróvissu.


Skýring v. starfsmanna hjá Reykjavíkurborg:

Starfsmenn sem ráðnir eru til starfa hjá Reykjavíkurborg eru almennt ráðnir ótímabundinni ráðningu. Ákvæði þess efnis koma skýrt fram í kjarasamningum Reykjavíkurborgar við viðsemjendur sína, sem og í starfsmannastefnu Reykjavíkurborgar. Heimilt er að ráða starfsmann tímabundinni ráðningu, en slík ráðning skal aldrei vara lengur en í tvö ár. Ef stofnun eða fyrirtæki Reykjavíkurborgar vill ráða slíkan starfsmann lengur, þá skal það gert með ótímabundnum ráðningarsamningi. Ákvæði kjarasamninga um réttindi og skyldur starfsmanna Reykjavíkurborgar eru samræmd að þessu leyti.

Kennarar hjá grunnskólum Reykjavíkur:

Í þessu samhengi verður líka að benda á lög nr. 72/1996, um réttindi og skyldur kennara og skólastjórnenda í grunnskóla, sem og lög nr. 86/1998, um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra. Í lögum nr. 86/1998, eru ákvæði sem banna ótímabundnar ráðningar kennara sem ekki hafa starfsréttindi og mega því ekki kalla sig grunnskólakennara, sbr. 2. gr. laga nr. 86/1998. Starfsréttindalögin heimila þó tímabundnar ráðningar þeirra sem ekki uppfylla starfsréttindin að ákveðnum skilyrðum uppfylltum, sbr. 9. og 10 gr. um stundakennara og aðra lausráðna réttindalaus starfsmenn sem ráðnir eru til grunnskóla að hámarki til eins árs í senn. Mikilvægt er að við vinnu frumvarpsins í meðferð Alþingis verði sérstaklega fjallað um áhrif 10. gr. frumvarpsins um tímabundnar ráðningar á þetta lagaumhverfi sem gildir innan skólakerfisins og hvort það samrýmist markmiðum tilskipunarinnar.

Virðingarfyllst



Birgir Björn Sigurjónsson,
forstöðumaður kjarapróunardeildar